

REGLUR

um breytingu á reglum Seðlabanka Íslands nr. 490/2016, um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. másl. 4. gr. reglnanna:
Í stað „40“ kemur: 20.

2. gr.

Samþykki ráðherra.

Reglur þessar hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra og er samþykkið birt sem fylgiskjal með reglunum.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða III laga um gjaldeyris-
mál, nr. 87/1992, öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 2. nóvember 2018.

Seðlabanki Íslands,

Rannveig Sigurðardóttir
aðstoðarseðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri gjaldeyriseftirlits.

Fylgiskjal.

Samþykki ráðherra.

Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða III laga nr. 87/1992, um gjaldeyris-
mál, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 42/2016 hefur fjármála- og efnahagsráðherra samþykkt reglur Seðlabanka Íslands um breyt-
ingu á reglum nr. 490/2016 um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 2. nóvember 2018.

F. h. fjármála- og efnahagsráðherra,

Guðrún Þorleifsdóttir.

Guðmundur Kári Kárasón.